



## Aukin stöðugildi vegna fjögurra og fimm ára barna

Ísafjarðarbær eins og flest önnur sveitarfélög hefur notað svokallað barngildisviðmið til að áætla fjölda barna í leikskólum. Starfsmönnum skólasviðs var falið að koma með hugmyndir að leiðum til að fækka börnum á hvern kennara.

### **Barngildisviðmiðin eru eftirfarandi í dag:**

- 5 ára barn 0,8 barngildi þ.e. 10 börn gefa eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1 barngildi þ.e. 8 börn gefa eitt stöðugildi
- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi
- 1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefa eitt stöðugildi

Hér er lagt til að breyting verði gerð á viðmiðum um fjölda fjögurra og fimm ára barna á hvern kennara.

### **Lagt er til að barngildisviðmið verði þessi:**

- 5 ára barn 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi
- 4 ára barn, 1,1 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi
- 3 ára barn, 1,3 barngildi þ.e. 6 börn gefa eitt stöðugildi
- 2 ára barn, 1,6 barngildi þ.e. 5 börn gefa eitt stöðugildi
- 1 árs barn, 2 barngildi þ.e. 4 börn gefi eitt stöðugildi

### **Rökstuðningur:**

Í rannsókn sem framkvæmd var í Reykjavík á vegum starfshóps um bættar vinnuaðstæður í leikskólum 2018, kom mjög skýrt fram að leikskólakennarar telja að fækka þurfi börnum á hvern kennara. Að þeirra mati er álag stærsti vandinn sem starfsemi leikskólanna stendur frammi fyrir, meðal annars vegna of margra barna á hvern kennara.

Með að því að fækka börnum á hvern kennara þá skapast svigrúm til einstaklingsmiðaðrar nálgunar sem oft er meiri þörf á, þegar börnin eldast og ýmis frávik koma í ljós í þroska eða hegðun sem krefjast inngrips. Með fækkun barna á hvern kennara gefst tækifæri á að vinna með litla hópa og mæta þörfum fjölbreytts barnahóps þar sem meðal annars börnum með annað móðurmál en íslensku fjölgar stöðugt.

Leiða má einnig líkum að því að aðgerðir sem miða að því að vinna með börn í smærri hópum hafi jákvæð áhrif á framfarir barna og sérkennsluþörf með snemmtækri íhlutun.

Starfsmenn skólasviðs skoðuðu hver staðan væri í þessum málum hjá öðrum sveitafélögum og eru nokkur sveitafélög komin á stað í þessari vinnu. Hafnarfjarðarbær hefur valið að stíga það skref strax að fækka fjögurra og fimm ára börnum á hvern kennara og Reykjavíkurborg hefur einnig samþykkt slíka breytingu í þremur skrefum.

GB